



Skipulags- og samgönguráð  
Borgartún 14  
105 Reykjavík

***Skýrsla stýrihóps um innleiðingu hjólreiðaáætlunar 2021 – 2025.***

Þann 7. júlí 2021 skipaði skipulags- og samgönguráð stýrihóp til að vinna með sérfræðingum umhverfis- og skipulagssviðs að innleiðingu verkefna og aðgerða hjólreiðaáætlunar og frekari forgangsröðun þeirra. Stýrihópurinn hélt 6 fundi á tímabilinu 31. ágúst 2021 – 22. febrúar 2022 og hefur afrakstur þeirrar vinnu nú verið tekinn saman í skýrslu stýrihópsins sem hér með er lögð fram skipulags- og samgönguráði til kynningar.

Virðingarfyllt, fyrir hönd stýrihóps um innleiðingu hjólreiðaáætlunar 2021 - 2025  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*

Hjálagt:

1. Skýrsla stýrihóps um innleiðingu hjólreiðaáætlunar 2021 – 2025.
2. Erindisbréf stýrihóps.

15.03.2021

# Innleiðing Hjólreiðaáætlunar 2021 - 2025

Skýrsla stýrihóps



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Samantekt.....	2
3	Forgangsverkefni .....	4
3.1	Fjárfestingar í nýjum hjólreiðainnvíðum í Reykjavík verði að lágmarki 5 milljarðar króna á tímabilinu. ....	4
3.2	Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að bæta aðstöðu og hvetji börn til að hjóla í skólann 4	
3.3	Á tímabilinu verði lokið við að betrubæta að minnsta kosti 15 gatnamót með tilliti til þverana.....	5
3.4	Reykjavíkurborg vinni að því að koma hjólanetinu á kortavef Google, Google Maps. ....	6
3.5	Haldin verði hönnunarsamkeppni árið 2022 um útfærslu hjólarásar undir Reykjaveg við Suðurlandsbraut til að styrkja þannig enn frekar þessa meginleið hjólandi milli austurs og vesturs í borginni. ....	7
3.6	Unnið verði að gerð fjallahjólaleiða í borgarlandinu.....	8
4	Önnur verkefni hjólreiðaáætlunar.....	9
4.1	Verkefni tilgreind sem önnur áhersluverkefni.....	9
5	Niðurlag .....	11

# 1 Inngangur

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 var samþykkt í borgarstjórn þann 15. júní 2021. Í áætluninni er sett fram framtíðarsýn fyrir hjólaborgina Reykjavík með mælanlegum markmiðum til ársins 2025 og þeim framkvæmdum og aðgerðum sem stefnt er að á tímabilinu. Lagt er til að fjárfestingar í nýjum hjólreiðainnviðum í Reykjavík verði að lágmarki fimm milljarðar króna á tímabilinu. Áætlunin byggir á fjórum yfirmarkmiðum sem öll hafa mælanleg undirmarkmið. Yfirmarkmiðin eru eftirfarandi:

- I. Aukin hlutdeild hjólreiða.
- II. Bættir innviðir og sýnilegri hjólreiðar.
- III. Bætt þjónusta.
- IV. Hjólamenning.

Þann 7. júlí 2021 var skipaður stýrihópur á vegum skipulags- og samgönguráðs um innleiðingu Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2021 - 2025. Verkefni stýrihópsins samkvæmt erindisbréfi var að vinna með sérfræðingum umhverfis- og skipulagssviðs að innleiðingu verkefna og aðgerða hjólreiðaáætlunar og frekari forgangsröðun þeirra.

Stýrihópurinn skipuðu:

- Pawel Bartoszek, formaður.
- Hjálmar Sveinsson.
- Katrín Atladóttir.

Með stýrihópnum störfuðu Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, starfandi samgöngustjóri, Kristinn Jón Eysteinnsson og Guðmundur B. Guðmundsson frá skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Stýrihópurinn hélt 6 fundi á tímabilinu 31. ágúst 2021 – 22. febrúar 2022.

# 2 Samantekt

Aðgerðir í hjólreiðaáætlun eru 34 talsins. Allar aðgerðirnar eru mikilvægur hluti í að ná markmiði hjólreiðaáætlunar um að auka hlutdeild þeirra sem hjóla, af öllum ferðum innan borgarinnar. Stýrihópurinn fór yfir þau verkefni sem hjólreiðaáætlun 2021-2025 felur í sér og raðaði þeim upp í forgangsverkefni og önnur áhersluverkefni sem unnin verða upp úr aðgerðaáætlun.

Helstu forgangsverkefni verða m.a. **að bæta aðstöðu fyrir hjól við grunnskóla, betrubæta gatnamót fyrir hjólandi umferð, hjólaleiðir verði sýnilegar á Google Maps, gerð fjallahjólaleiða í opnu landi, samkeppni um útlit undirganga í Laugardalnum auk fjölmargra annarra áhersluverkefna.** Auk þessa verður áfram unnið, allt tímabilið, af fullum krafti í uppbyggingu nýrra hjólastíga samkvæmt hjólreiðaáætluninni eins og fjárveitingar leyfa hverju sinni.

Tafla 1 - Forgangsröðun aðgerða hjólreiðaáætlunar 2021 - 2025.

Forgangsverkefni	
Fjárfestingar í nýjum hjólreiðainnviðum í Reykjavík verði að lágmarki 5 milljarðar króna á tímabilinu.	Forgangsverkefni
Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að bæta aðstöðu og hvetji börn til að hjóla í skólann.	Forgangsverkefni


Á tímabilinu verði lokið við að betrubæta að minnsta kosti 15 gatnamót með tilliti til þverana.	Forgangsverkefni
Reykjavíkurborg vinni að því að koma hjólanetinu á kortavef Google, Google Maps.	Forgangsverkefni
Haldin verði hönnunarsamkeppni árið 2022 um útfærslu hjólarásar undir Reykjaveg við Suðurlandsbraut til að styrkja þannig enn frekar þessa meginleið hjólandi milli austurs og vesturs í borginni.	Forgangsverkefni
Unnið verði að gerð fjallahjólaleiða í borgarlandinu.	Forgangsverkefni
<b>Áhersluverkefni</b>	
Stæðum verði fjölgað verulega við stofnanir borgarinnar bæði fyrir starfsfólk og gesti. Hleðsluáðstöðu verði komið fyrir eftir þörfum.	Áhersluverkefni
Rekstur hjólaskápa fyrir almenning, á völdum stöðum í borgarlandinu og í bílastæðahúsum, verði boðinn út.	Áhersluverkefni
Reykjavík taki upp samtal við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi um uppbyggingu lengri hjólaleiða.	Áhersluverkefni
Sýnilegum innviðum sem bæta líf hjólandi, svo sem hjólatyllum, sérstökum umferðarljósum fyrir hjól, viðgerðastöndum, hjólaruslatunnum og teljurum, verði fjölgað.	Áhersluverkefni
Gert verði átak í úrbótum á hjólaleiðum um og við framkvæmdasvæði og leiðbeiningar til verktaka þar um bættar ef þörf er á. Aukið eftirlit tryggi gæði hjólaleiða fyrir gangandi og hjólandi.	Áhersluverkefni
Farið verði í tilraunaverkefni með þjónustumiðstöð borgarlandsins um smærri lagfæringar á hjólaleiðum eftir því sem ábendingar berast.	Áhersluverkefni
Kannaðar verði leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum í samstarfi við lögreglu, tryggingafélög og grasrótarsamtök hjólréiðafólks.	Áhersluverkefni
Á tímabilinu verði byggðar upp að minnsta kosti tvær hjólabrautir (e. pump track) til að auka við þjálfunar- og afþreyingarmöguleika þeirra sem vilja efla hjólaferni sína og hafa ánægju af.	Áhersluverkefni

### 3 Forgangsverkefni

#### 3.1 Fjárfestingar í nýjum hjólreiðainnviðum í Reykjavík verði að lágmarki 5 milljarðar króna á tímabilinu.

Stærstur hluti fjárfestingar í nýjum hjólainnviðum á tímabilinu mun felast í gerð nýrra hjólastíga. Áhersla verður lögð á að leggja nýja hjólastíga sem aðskilja umferð gangandi vegfarenda frá hjólandi vegfarendum á stofnleiðum gangandi og hjólandi um borgina. Einnig verða lagðir aðrir stígar á leiðum sem ekki teljast til núverandi stofnleiða til að þetta net hjólaleiða um borgina, þar sem það á við hverju sinni, samhliða annarri uppbyggingu í borginni. Fjármagn til þessara verkefna kemur að mestu úr hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar og samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, sem tekur þátt í að byggja upp stofnstíganet hjólreiða á höfuðborgarsvæðinu. Í öllum undirbúningi verkefna verður lögð áhersla á gæði stíga umfram fjölda og að öryggi notenda sé gætt eins vel og kostur er á hverjum stað. Þannig verði stefnt að því að öll helstu stíga verkefni verði sett í umferðaröryggisrýni áður en þau koma til framkvæmda.

Verkefni sem stefnt er á að komi til framkvæmda á hverjum tíma koma fyrst til umfjöllunar inn í umhverfis- og skipulagsráð til samþykktar áður en hafist er handa við að verkanna og koma þeim í framkvæmd.




Mynd 1 Verkefni í undirbúningi og framkvæmd fyrir árin 2022 og 2023 eru sýnd með bláum lit. Hvítar breiðar línur tákna sérstaka hjólastíga sem þegar eru komnir.

#### 3.2 Reykjavíkurborg vinni markvisst að því að bæta aðstöðu og hvetji börn til að hjóla í skólann

Stefnt er að því að viðurkennd hjólastæði séu fyrir að lágmarki 20% nemenda og kennara við hvern skóla. Þegar ný hjólreiðaáætlun 2021 – 2025 tók gildi, hafði markmiði um lágmarksfjölda hjólastæða við grunnskóla borgarinnar þegar verið náð hjá um 50% skólanna. Stefnt er að því að fyrir lok áætlunar verði búið að uppfylla þessar kröfur fyrir alla grunnskóla Reykjavíkur ásamt því að byggja yfirbyggð hjólaskýli yfir allt að helming hjólastæðanna.

Búið er að leggja drög að fjölgun hjólastæða við alla skóla sem eiga eftir að ná 20% lágmarksviðmiði og stefnt er að því að fara langt með það markmið fyrir haustið 2022. Haldið verður áfram að fjölga hjólastæðum hjá þeim skólum þar sem eftirspurn er orðin meiri en lágmarksviðmið. Þá verði áfram framkvæmdar talningar árlega til þess að meta þörfina fyrir fjölgun hjólastæða og um leið fjölda skólabarna sem nýta hjólið í skólann.



Mynd 2 – Hjól og stæði við grunnskóla Reykjavíkur 2020.

Einnig er stefnt að því að koma fyrir hlaupahjólastæðum á öllum grunnskólalóðum borgarinnar, þar sem áhersla verður á yngri stig skólanna, 1. - 7. bekk. Vinna við þennan lið er þegar hafin og búið að leggja drög að staðsetningum þeirra á öllum skólalóðum í samráði við skólastjórnendur hvers skóla.



Mynd 3 - Hlaupahjólastæði við Laugarnesskóla. Ljósmyndari: Kristinn Jón Eysteinnsson

### 3.3 Á tímabilinu verði lokið við að betrubæta að minnsta kosti 15 gatnamót með tilliti til þverana.

Stefnt er að því á tímabilinu að uppfæra allt að 15 gatnamót m.t.t. þverana fyrir hjólandi vegfarendur. Undirbúningur er þegar hafinn vegna framkvæmda við 7 gatnamót.


Tafla 2 - Staða framkvæmda á gatnamótum.

Gatnamót	Staða
Bústaðavegur – Kringlumýrarbraut (brú)	Lokið 2022
Sæbraut – Snorrabraut	Í framkvæmd



Sundlaugarvegur - Hallgerðargata	Í framkvæmd
Snorrabraut – Borgartún	Í framkvæmd
Bústaðavegur – Háaleitisbraut	Áætlun 2022-2023
Kringlumýrarbraut - Borgartún – Sundlaugarvegur	Í undirbúningi
Sæbraut – Kringlumýrarbraut	Í undirbúningi
Hálsabraut - Krókháls/Dragháls	Í undirbúningi

Hér má sjá kort með yfirliti yfir þau 15 gatnamót sem eru með mesta umferð hjólandi vegfarenda samkvæmt þeim talningum sem til eru. Þetta yfirlit er ekki tæmandi fyrir þau gatnamót sem gætu komið til framkvæmda þar sem ákvörðun um breytingu gatnamóta getur verið háð öðrum þáttum eins og veituframkvæmdum og umferðaröryggismálum. Mörg þessara og annarra gatnamóta munu taka breytingum með tilkomu Borgarlínu og uppbyggingu hennar vegna.




Mynd 4 - Yfirlit 15 gatnamóta með mesta umferð hjólreiðarmanna samkvæmt talningum Reykjavíkurborgar.

### 3.4 Reykjavíkurborg vinni að því að koma hjólanetinu á kortavef Google, Google Maps.

Stefnt er að markvissri vinnu við að gera upplýsingar um hjólaleiðir í Reykjavík aðgengilegar á kortavef Google. Áfram verði unnið að því að þróa rafræna útgáfu af kortum með göngu- og hjólaleiðum sem verði aðgengileg á vefmiðlum Reykjavíkurborgar, til að auðvelda almenningi að finna upplýsingar um mögulegar leiðir í borginni, í samstarfi við skrifstofu landupplýsinga (LUKR) innan umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu stafrænnar Reykjavíkur hjá á þjónustu- og nýsköpunarsviði (ÞON).

Samskipti við Google hófust á tímabilinu og verkefnið er komið vel á veg. Samkvæmt upplýsingum frá LUKR eru öll gögn tilbúin en enn á eftir að virkja þann möguleika að geta valið hjól í leiðarvali. Samkvæmt upplýsingum frá Google hefur ekki verið ákveðið hvenær það verði gert.





Mynd 5 - Skjáskot af Google Maps. Vegvísun fyrir hjólandi vegfarendur hefur ekki verið virkjuð.

Þar sem stígakerfið er í stöðugum vexti þarf að tryggja stöðugar uppfærslur á upplýsingum yfir allt tímabil hjólreiðaáætlunarinnar. Þá eru enn tækifæri til að bæta upplýsingagjöf í borgarvefsjá samhliða þessari vinnu.

### 3.5 Haldin verði hönnunarsamkeppni árið 2022 um útfærslu hjólarásar undir Reykjaveg við Suðurlandsbraut til að styrkja þannig enn frekar þessa meginleið hjólandi milli austurs og vesturs í borginni.

Stefnt er að því að halda samkeppni um útlit á nýjum undirgöngum (hjólarás) undir Reykjaveg og umhverfi þeirra á árinu. Mikið verði lagt upp úr fallegu útliti og aðgengismálum fyrir alla þá sem eiga erindi um Laugardalinn. Um undirgöngin liggur stofnstígur gangandi og hjólandi inn í og í gegnum Laugardalinn. Með þessari framkvæmd mun umferðaröryggi gangandi og hjólandi sem leið eiga um Laugardalinn verða bætt töluvert.

Þá er stefnt að því að hefja undirbúning að samkeppnislýsingu fyrir útlit og skipulag undirganga á vormánuðum 2022. Hönnun frá 2013 verði tekin upp, uppfærð og endurskoðuð m.t.t. niðurstöðu samkeppninnar. Stefnt er að vinnu við forhönnun og verkhönnun á árinu 2023 og að framkvæmdir við undirgöngin verði í lok tímabilsins eða 2024-2025.



Mynd 6 – Staðsetning hjólarásar undir Reykjaveg við Suðurlandsbraut.

### 3.6 Unnið verði að gerð fjallahjólaleiða í borgarlandinu.


Stefnt er að því á tímabilinu að vinna að gerð sérstakra fjallahjólabrauta og leiða innan borgarlandsins. Þær verði unnar í samráði við hjólafélög og aðra sem geta gefið góða innsýn inn í þarfir þeirra fyrir slíkar brautir. Brautirnar eru ætlaðar til þess að koma til móts við og efla ört stækkandi hóp þeirra sem stunda fjallahjólreiðar í borgarlandinu sem útivist eða jaðarsport. Þá verði stutt við gerð fjallahjólaleiða sem þegar hafa tekið að þróast innan borgarlandsins.

Í undirbúningi er gerð fjallahjólbrautar í hlíðum Úlfarsfells við krefjandi aðstæður, þar sem áskoranir eru ætlaðar lengra komnum. Hjólafélagið Tindur sér alfarið um hönnun brautar og framkvæmd með stuðningi frá borginni. Stefnt er að framkvæmd þessarar brautar sumarið 2023.



Mynd 7 – Fjallahjól á Esju. Ljósmyndari: [allimoll frá Wikiloc](#).

Í rammaskipulagi Austurheiða fyrir ofan Reynisvatnsás hefur þegar verið gert ráð fyrir fjallahjólaleið. Frekari skref í uppbyggingu þeirrar fjallahjólaleiðar verði í samráði við hagaðila.



Mynd 8 - Rammaskipulag Austurheiða.

## 4 Önnur verkefni hjólreiðaáætlunar.

### 4.1 Verkefni tilgreind sem önnur áhersluverkefni.

Til viðbótar við ofangreind forgangsverkefni, tilgreindi stýrihópurinn 8 verkefni sem önnur áhersluverkefni:

- *Stæðum verði fjölgað verulega við stofnanir borgarinnar bæði fyrir starfsfólk og gesti. Hleðsluáðstöðu verði komið fyrir eftir þörfum.*

**Staða:** Sérstakt átak er ekki hafið en er í undirbúningi. Stefnt er að því að kortleggja og greina þörf á fjölgun stæða við valdar stofnanir borgarinnar á árinu 2022, t.a.m. leikskóla, sundlaugar, bókasöfn, þjónustumiðstöðvar, og lykilverkefni borgarinnar.

**Næstu skref:** Kortlagning og greining á þörf fyrir fjölgun stæða við stofnanir borgarinnar. Verkefnum um fjölgun stæða forgangsraðað út frá greiningarvinnu og umfangi verkefna.

- *Rekstur hjólaskápa fyrir almenning, á völdum stöðum í borgarlandinu og í bílastæðahúsum, verði boðinn út.*

**Staða:** Umhverfis- og skipulagssvið hefur í tilraunaskyni fjárfest í tveimur samstæðum hjólaskápa (10 skápar hvor) sem settar verða upp á tveimur skólalóðum. Skáparnar verða í fyrstu aðeins ætlaðir starfsmönnum skólanna sem eru með samgöngusamninga til að fá reynslu af notkun slíkra hjólaskápa, tæknilausnum og þess háttar. Skápar verða settir upp vorið 2022.

**Næstu skref:** Gefi árangur af notkun þessara skápa tilefni til fjölgunar, verði í kjölfarið hugað að útboði á rekstri slíkra hjólaskápa í borgarlandinu og mögulega við stofnanir borgarinnar þar sem það á við.

- *Reykjavík taki upp samtal við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Suðurnesjum og Vesturlandi um uppbyggingu lengri hjólaleiða.*

**Staða:** Reykjavíkurborg hefur sent erindi á Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna uppbyggingu á hjólaleið milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur.

**Næstu skref:** Sveitarfélögin hefji viðræður um mögulegt samstarf á vettvangi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um uppbyggingu á öruggri hjólaleið milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Lagt er til að skipaður verði sameiginlegur vinnuhópur með fulltrúum frá Reykjavíkurborg, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem verði falið að kortleggja verkefnið. Vinnuhópnum verði m.a. falið að skoða mögulegt leiðarval, möguleika á samræmdum merkingum, gera tillögu um framtíðarvistun verkefnisins og móta sameiginlega sýn sveitarfélaganna á fjármögnun þess.

- *Sýnilegum innviðum sem bæta líf hjólandi, svo sem hjólatyllum, sérstökum umferðarljósum fyrir hjól, viðgerðastöndum, hjólaruslatunnum og teljurum, verði fjölgað.*

**Staða:** Búið er að setja upp 6 fyrstu hjólatyllurnar við gatnamót og þveranir hjólastíga eftir Suðurlandsbraut og kaupa 10 hjólatyllur til viðbótar.

**Næstu skref:** Fyrirhugað er að setja upp 4 hjólatyllur við nýja hjólastíga á gatnamótum Snorrabrautar/Borgartúns og Snorrabrautar/Sæbrautar. Aðrar hjólatyllur verða settar niður þar

sem hjólastígur þverar gatnamót við sérstök hjóla-umferðarljós og fjölga samhliða bættum gatnamótum fyrir hjólandi þar sem það á við.

- *Gert verði áttak í úrbótum á hjólaleiðum um og við framkvæmdasvæði og leiðbeiningar til verktaka þar um bættar ef þörf er á. Aukið eftirlit tryggja gæði hjáleiða fyrir gangandi og hjólandi.*

**Staða:** Reykjavíkurborg hefur aukið hlutdeild sína í kennslu á námskeiði um vinnusvæðamerkingar, með það í huga að leggja meiri áherslu á merkingar vinnusvæða innan þéttbýlis m.t.t. gangandi og hjólandi vegfarenda. Unnið er að uppfærslu á reglum um vinnusvæðamerkingar í samstarfi við Vegagerðina.

**Næstu skref:** Fyrirhugað er að skilgreina betur kröfur borgarinnar til vinnusvæðamerkinga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, með áherslu á lengd og yfirborðsefni hjáleiða. Tillögur að nýjum kröfum verði lagðar fyrir borgarráð til samþykktar og veiting afnotaleyfa af hálfu borgarinnar verði háð því að verktaki uppfylli hinar nýju kröfur. Með nýstofnaðri deild eftirlits er gert ráð fyrir að eftirlit og eftirfylgni með því að kröfum afnotaleyfa sé fylgt verði markvissari.

- *Farið verði í tilraunaverkefni með þjónustumiðstöð borgarlandsins um smærri lagfæringar á hjólaleiðum eftir því sem ábendingar berast.*

**Staða:** Verið er að innleiða nýtt ferli í beinu samstarfi við hverfastöðvar borgarinnar um úrbætur á göngu- og hjólaleiðum sem þegar eru komnar í rekstur. Þetta felur í sér að stytta viðbragð við ábendingum þar sem þörf er á aðgerðum eins fljótt og unnt er, eins og hverfabækistöð hefur mannafla og tæki til, til að tryggja öryggi á stígum.

**Næstu skref:** Starfsmenn hverfabækistöðvar og starfsmenn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar vinni að því í sameiningu að skilgreina ramma utan um umfang þessara verkefna. Úrbótaverkefni verði svo unnin jafnóðum og hægt er að koma þeim til framkvæmda.

- *Kannaðar verði leiðir til að draga úr þjófnaði á hjólum í samstarfi við lögreglu, tryggingafélög og grasrótarsamtök hjólreiðafólks.*

**Staða:** Málið hefur verið tekið upp á reglulegum fundi borgarstjóra með lögreglu og hugmyndir borgarinnar að mögulegum aðgerðum kynntar.

**Næstu skref:** Beðið er eftir viðbrögðum og samantekt lögreglu. Næstu skref að því loknu eru að móta grófar hugmyndir að aðgerðum og mögulega aðkomu borgarinnar að þeim. Jafnframt ætti að skoða fundi með hagaðilum, grasrótarsamtökum, lögreglu og mögulega tryggingarfélögum.

- *Á tímabilinu verði byggðar upp að minnsta kosti tvær hjólabrautir (e. pump track) til að auka við þjálfunar- og afþreyingarmöguleika þeirra sem vilja efla hjólaferni sína og hafa ánægju af.*

**Staða:** Undirbúningur er hafinn vegna tveggja nýrra hjólabrauta í Gufunesi og á Klambratúni. Brautirnar verða staðbundnar og byggðar inn í manngerðu umhverfi og ætlaðar sem æfingabrautir fyrir hjólafolk á öllum aldri.





Mynd 9 - Hjólbraut í Gerlingen, Þýskalandi. Ljósmyndari: Ludwigs Unbürger ([CC 4.0](https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/)).

**Næstu skref:** Undirbúningi verði lokið og framkvæmdir hafnar sem fyrst.

## 5 Niðurlag

Markmiðið með starfi stýrihópsins var að taka stöðuna á þeim verkefnum sem þegar eru hafin og forgangsraða nýjum verkefnum hjólreiðaáætlunarinnar. Að mati hópsins miðar verkefnum úr fyrri og núgildandi hjólreiðaáætlun nokkuð vel áfram.

Forgangsröðun þeirra verkefna sem sett eru fram í Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur er hluti af heildarsýn á samgöngur, þróun byggðar og lífsgæði í fjölbreyttri borg í takti við samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga, svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, aðalskipulag Reykjavíkur og loftslagsstefnu.

Frá því fyrsta hjólreiðaáætlun Reykjavíkur var samþykkt árið 2010 hefur hlutdeild hjólreiða í öllum ferðum aukist úr 2% í 7%. Sú áætlun lagði grunn að þeirri byltingu sem hefur orðið í notkun hjóla í ferðum í borginni, meðal annars með því að margfalda lengd hjólastíga.

Á tímabilinu 2021–2025 er stefnt að frekari sókn í uppbyggingu hjólainnviða og stuðlað að því með ýmsum aðgerðum að Reykjavík verði hjólaborg á heimsmælikvarða. Reykjavík er hjólaborg fyrir reiðhjól, hlaupahjól og allskonar hjól.



## ERINDISBRÉF

### Stýrihópur um innleiðingu Hjólreiðaáætlunar Reykjavíkur 2021-2025

#### Ábyrgð:

Skipulags- og samgönguráð

#### Inngangur:

Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025 var samþykkt í borgarstjórn þann 15. júní. Í áætluninni er sett fram framtíðarsýn fyrir hjólaborgina Reykjavík með mælanlegum markmiðum til ársins 2025 og þeim framkvæmdum og aðgerðum sem stefnt er að á tímabilinu. Lagt er til að fjárfestingar í nýjum hjólreiðainnvíðum í Reykjavík verði að lágmarki fimm milljarðar króna á tímabilinu. Áætlunin byggir á fjórum yfirmarkmiðum sem öll hafa mælanleg undirmarkmið. Yfirmarkmiðin eru eftirfarandi:

- I. Aukin hlutdeild hjólreiða
- II. Bættir innviðir og sýnilegri hjólreiðar
- III. Bætt þjónusta
- IV. Hjólamenning

#### Hlutverk:

Að vinna að skilvirkri innleiðingu aðgerða hjólreiðaáætlunar og fylgja markmiðum hennar eftir.

#### Helstu verkefni:

Stýrihópnum er falið að vinna með sérfræðingum umhverfis- og skipulagssviðs að innleiðingu verkefna og aðgerða hjólreiðaáætlunar og frekari forgangsriðun þeirra. Miðað er við að stýrihópurinn hittist að lágmarki ársfjórðungslega og fari yfir stöðu innleiðingar, aðgerða og markmiða. Staða innleiðingar hjólreiðaáætlunar verði kynnt skipulags- og samgönguráði á fyrri hluta árs 2022.

#### Stýrihópurinn skipa eftirfarandi fulltrúar skipulags- og samgönguráðs:

Hjálmar Sveinsson, Katrín Atladóttir og Pawel Bartoszek.

#### Starfsmenn stýrihóps:

Með stýrihópnum starfi sérfræðingar umhverfis- og skipulagssviðs auk aðkeyþtra ráðgjafa.

#### Starfstímabil:

Hópurinn hefji störf í ágúst 2021 og starfi til loka kjörtímabils borgarstjórnar.

Samþykkt á fundi skipulags- og samgönguráðs 7. júlí 2021.